

Skipulagsstofnun  
Sigmar A. Steingrímsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. apríl 2014  
Tilvísun: UST20140300242/bs

**Mat á umhverfisáhrifum - aukin framleiðsla á laxi í sjókvíum í Arnarfirði um 7.000 tonn. Umsögn um tillögu að matsáætlun**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.


Umhverfisstofnun telur umfjöllun í tillögu að matsáætlun um áhrifaþætti framkvæmdar og þá umhverfisþætti sem fyrir áhrifum geta orðið og þá umfjöllun sem fyrirhuguð er um þessa þætti í frummatsskýrslu mjög góða.


Umhverfisstofnun vill hins vegar benda á að eins og fram kemur í tillögu að matsáætlun gæti samanlögð heildarframleiðsla fiskeldisfyrirtækja í Arnarfirði numið um 24. 000 tonnum á ári. Því telur stofnunin brýnt að í frummatsskýrslu verði metin burðargeta Arnarfjarðar annað hvort með LENKA viðtakamati eða öðrum viðurkenndum aðferðum.

Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir hvernig hreinsun eldiskvíva verður háttáð, t.d. hvort ráðgert sé að hreinsa kvíar með háþrýstihreinsun eða hvort notuð verði varnarefni til að verjast ásætum.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur